

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 05.04..2018

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 05.04.2018 kl.14

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Deiliskipulag Kálfshamarsvík, undir þessum lið kemur Davíð Jóhannsson frá SSNV
2. Erindi frá Sveitarfélaginu Skagaströnd v/grjótnáms til hafnargerðar, undir þessum lið koma Magnús Jónsson og Kristján S. Kristjánsson
3. Styrkbeiðni frá Skólafélaginu Rán
4. Styrkbeiðni frá UMFÍ vegna Landsmót
5. Stofnun lóðar úr Hvammshlíð
6. Önnur mál

1. Deiliskipulag Kálfshamarsvík

Sótt var í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um styrk til deiliskipulags, úthlutað var 2,7 milljónum til verksins. Davíð Jóhannsson lagði fram minnisblað og umræður sköpuðust um hvað væri mest áriðandi að gera fyrir svæðið vegna aukningu á ferðamönnum. Ákveðið var að setja sig í samband við fyrirtækið Landslag og fá tilboð í deiliskipulagsgerð. Athuga á með hvort hægt sé að setja upp talningarvél við Kálfshamarsvík til að athuga fjölda ferðamanna.

2. Erindi frá Sveitarfélaginu Skagastrandar v/grjótnáms.

Magnús Jónsson gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum við smábátahöfn á Skagaströnd og mikilvægi þess að fá leyfi fyrir flutningi á grjóti úr Hvammkotsbruna. Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir flutningum með þeim fyrirvara að samkomulag verði gert um lagfæringar á vegi eftir grjótflytninga.

3. Styrkbeiðni frá Skólafélaginu Rán

Borist hefur styrkbeiðni frá Skólafélaginu Rán v/maraþons. Samþykkt að styrkja um kr. 50.000.-

4. Styrkbeiðni frá UMFÍ vegna landsmóts haldið á Sauðárkróki. Óskað er eftir 150.000 kr.

Samþykkt að styrkja um kr. 25.000

5. Stofnun lóðar úr Hvammshlíð

Landeigandi sótti um að stofna lóð út úr landi Hvammshlíðar landnúmer 145460. Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðar.

6. Önnur mál

Umræður sköpuðust um gjaldskrá vegna byggingarleyfa.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18